



Reykjavík, 30. júní 2018

SFS2018070004

142. fundur

HG/img

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu leikskólastjóra Geislabaugs

Starf leikskólastjóra í Geislabaugi var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 14. maí 2018 í samræmi við 2. gr. í fylgiskjali 4, um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar í kjarasamningi LN og KÍ vegna FSL. Umsóknarfrestur var til og með 28. maí 2018. Ákveðið var að auglýsa aftur og framlengja umsóknarfrestinn til 11. júní 2018. Ráðið verður í leikskólastjórastöðuna frá og með 1. ágúst 2018.

Í auglýsingu var meginhlutverki leikskólastjóra í Geislabaugi lýst þannig:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf leikskólakennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Óskað var eftir að umsækjendur skiluðu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í leikskólanum með umsókninni.

Þrír sóttu um leikskólastjórstöðuna en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Umsækjendur voru Ingibjörg Eyfells og Þóra Jóna Jónatansdóttir. Við ákvörðun um ráðningu var byggt á kröfum sem fram komu í auglýsingu.

Niðurstaða:

Þann 22. júní 2018 gerði þróunarfulltrúi skrifstofustjóra fagskrifstofu leikskólamála sviðsstjóra grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymisins. Við mat á umsókn og ráðningarviðtali var niðurstaðan að Þóra Jóna Jónatansdóttir væri hæfust til að gegna stöðu leikskólastjóra í Geislabaugi.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Þóru Jónu Jónatansdóttur leikskólastjóra við leikskólann Geislabaug frá 1. ágúst 2018.

Þóra Jóna lauk B.Ed. prófi í leikskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 1984. Hún starfaði sem leikskólakennari á Íslandi í tvö ár og í Svíþjóð í 8 ár, sem deildarstjóri í eitt ár og sem aðstoðarleikskólastjóri í 21 ár, fyrst á Akureyri og síðan í leikskólanum Geislabaugi frá 2004. Hún starfaði sem leikskólastjóri í eitt ár í afleysingu og hefur því mikla og víðtæka reynslu sem stjórnandi.